

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 32. stjórnarfundar, haldinn 21. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 15:00-17:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir sat fundinn undir lið 2.

Dagný Lís Davíðsdóttir sat fundinn undir liðum 2 og 3 að hluta.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn undir liðum 3.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerð

Fundargerð 31. fundar samþykkt.

### 2. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu verkefnisins í heild, m.a. fjölda umsókna, fjölda samninga, fjölda greiðslna og helstu álitamálum og áherslum á næstu vikum. Alls hafa 793 umsóknir borist og samtals hefur 550 kaupsamningum verið þinglýst. Félagið hefur greitt út 27 milljarða króna og yfirtekið lán að andvirði 13,2 milljarðar króna. Vel hefur gengið að vinna og senda út svör við fyrirspurnum í tölvupósti.

Framkvæmdastjóri lagði fram hlutaskrá sem stjórn undirritaði.

### 3. Tillaga framkvæmdarstjóra um kaup fasteigna

Á fundinum lagði framkvæmdastjóri fram tillögu um kaup á einni fasteign þar sem seljandi átti ekki lögheimili í viðkomandi húsnaði. Eftir skoðun á skýringum umsækjenda ákvað stjórnin að forsendur væru til að fallast á umsókn þar sem fyrir lágu upplýsingar um að lögheimili væri ranglega skráð í Þjóðskrá.

Á fundinum lagði framkvæmdastjóri fram tillögur um kaup á 23 fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í 21 tilviki. Í tveimur tilvikum var talið nauðsynlegt að afla frekari gagna. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 4. Önnur mál

Næsti fundur verður fimmtudaginn 23. maí kl. 14:30.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 17:30.

Óskar Józefsson  
Guðrún Þorleifsdóttir  
Hermann Hermannsson  
Örn Viðar Skúlason